

Við 345. ártíð Hallgríms Péturssonar

HALLGRÍMSMESSA

27. október 2019 kl. 11

Introitus og forspil *Þá þú gengur í Guðs hús inn, í útsetningu Þorkels Sigurbjörnssonar*
Söfnuður stendur meðan gengið er inn

Þá þú gengur í Guðs hús inn,
gæt þess vel, sál mín fráma,
hæð þú þar ekki Herrann þinn
með hegðun líkamans tóma.
Beygðu holdsins og hjartans kné,
heit bæn þín ástarkveðja sé,
hræsnin mun síst þér sóma.

Meðan lífs æð er í mér heit,
eg skal þig, Drottinn, þrifa,
af hjartans grunni' í hverjum reit
heiður þíns nafns auglýsa.
Feginn vil ég í heimi hér
hlýða og fylgja' í öllu þér.
Lát mér þína liðsemd vísa.

Hallgrímur Pétursson (Ps. 24)

Ávarp, signing og bæn

Allir: Í nafni Guðs föður, sonar og heilags anda. Amen.

Prestur: Hjálp vor kemur frá Drottni.

Allir: Skapara himins og jarðar.

Drottinn, ég er kominn í þitt heilaga hús til að lofa þig og ákalla og til að heyra, hvað þú, Guð faðir, skapari minn, þú, Drottinn Jesús, frelsari minn, þú, heilagi andi, huggari minn, vilt við mig tala í þínu orði. Drottinn, heyr þú lofgjörð mína og bæn og opna þú með þínum heilaga anda hjarta mitt fyrir sakir Jesú Kristis, að ég fyrir þitt orð iðrist synda minna, trúi á Jesú í lífi og dauða og taki framförum í kristilegu hugarfari og lífverni. Bænheyr það, ó Guð, fyrir Jesú Krist. Amen.

Miskunnarbæn

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

Prestur: Kristur, miskunna þú oss.

Allir: Kristur, miskunna þú oss.

Prestur: Drottinn, miskunna þú oss.

Allir: Drottinn, miskunna þú oss.

Dýrðarsöngur

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Dýrð sé Guði í upphæðum.

Allir: Og friður á jörðu og velþóknun yfir mönnum.

Þig lofar, faðir, líf og önd, þín líkn oss alla styður.

Þú réttir þína helgu hönd, af himni til vor niður.

Og föðurelska, þóknun þín, í þínum syni til vor skín,

Þitt frelsi, náð og friður.

Söfnuður sest

Kollekta

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Látum oss biðja ... um aldir alda.

Allir: Amen.

Fyrri ritningarlestur *Lexía: Slm 30.2-6*

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: Guði sé þakkargjörð.

Síðari ritningarlestur *Fil 4.8–13*

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga orð.

Allir: Dýrð sé þér, Drottinn.

Lofgjörðarvers

Hallelúja. Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir.

Guðspjall

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Guðspjallið skrifar guðspjallamaðurinn Jóhannes. *Jóh. 9.1-11*

Allir: Guði sé lof og dýrð fyrir sinn gleðilegan boðskap.

Lesturinn endar á orðunum: Þannig hljóðar hið heilaga guðspjall.

Allir: Lof sé þér, Kristur.

Trúarjátning *Postulleg trúarjátning*

Allir: Ég trúi á Guð, föður almáttugan, skapara himins og jarðar.

Ég trúi á Jesú Krist, hans einkason, Drottinn vorn, sem getinn er af heilögum anda, fæddur af Maríu mey, píndur á dögum Pontíusar Pílatusar, krossfestur, dáinn og grafinn, steig niður til heljar, reis á þriðja degi aftur upp frá dauðum, steig upp til himna, situr við hægri hönd Guðs föður almáttugs og mun þaðan koma að dæma lifendur og dauða. Ég trúi á heilagan anda, heilaga almenna kirkju, samfélag heilagra, fyrirgefningu syndanna, upprisu mannsins og eilíft líf. Amen.

Söfnuður sest eftir játningu

Sálmur *Kórinn syngur skáletruðu versin einn*

Víst ertu, Jesús, kóngur klár,
kóngur dýrðar um eilíf ár,
kóngur englanna, kóngur vor,
kóngur almættis tignarstór.

*Kóng minn, Jesús, ég kalla þig,
Kóng minn, Jesús, ég kalla þig,
Herratign enga' að heimsins sið
held ég þar mega jafnast við.*

*Ó, Jesús, það er játning mín,
ég mun um síðir njóta þín,
þegar þú, dýrðar Drottinn minn,
dómstól í skýjum setur þinn.*

Jesús, þín kristni kýs þig nú,
kóngur hennar einn heitir þú.
Stjórn þín henni svo haldi við,
himneskum nái dýrðar frið.
Hallgrímur Pétursson (Ps. 27)

Frelsaður kem ég þá fyrir þinn dóm,
fagnaðarsælan heyrri' eg róm.

Í þínu nafni útvaldir

útvalinn kalla mig hjá sér.

Prédikun

Kórsöngur:

But thanks, thanks be to God úr óratóriunni Messías, *G.F. Händel*

Almenn kirkjubæn

Hver beiðni endar á orðunum: ... fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Bænasvar sungið: Drottinn, heyr vora bæn.

Syndajátning og friðarkveðja

Prestur: Játum syndir vorar og lifum í kærleika og sátt við alla menn.

Allir: Ég játa fyrir þér, almáttugi Guð, skapari minn og lausnari, að ég hef margvíslega syndgað í hugsunum, orðum og gjörðum. Fyrirgef mér sakir miskunnar þinnar og leið mig til eilífs lífs, til dýrðar nafni þínu.

Þögn til ihugunar

Prestur: Almáttugur Guð fyrirgefi yður allar syndir, styrki yður og leiði til eilífs lífs fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Allir: Amen.

Prestur: Friður Drottins sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Friðarkveðjan er látin ganga á milli allra með orðunum: Friður sé með þér. Svar: Og með þér

Sálmur

Heyri' eg um þig minn Herra rætt

í hjálpræðisorði þínu,

allt sýnist mér þá búið og bætt

bölið í hjarta mínu.

Í sakramentinu sé ég þig,

svo sem í líking skærri,

með náð mér nærri.

Ó, hvað gleður sú ásýnd mig,

engin finnst huggun stærri.

Hallgrímur Pétursson (Ps. 21)

Altarisganga

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Drottinn sé með yður.

Allir: Og með þínum anda.

Prestur: Lyftum hjörtum vorum til himins.

Allir: Vér hefjum þau til Drottins.

Prestur: Látum oss þakka Drottni Guði vorum.

Allir: Það er maklegt og réttvíst.

Prestur: Sannlega er það ... og segjum án afláts:

Allir: Heilagur, heilagur, heilagur ert þú Drottinn. Guð allsherjar.

Himnarnir og jörðin eru full af dýrð þinni. Hósianna í upphæðum. Blessaður sé sá sem kemur í nafni Drottins. Hósianna í upphæðum.

Söfnuður sest

Þakkarbæn, innsetningarorð og Faðir vor

Allir: Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.

Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, miskunna þú oss.

Ó, þú Guðs lamb, Kristur, þú sem burt ber heimsins synd, gef oss þinn frið. Amen.

Altarisgestir ganga innar. Sérhver altarisgestur tekur við brauðinu í lófann, dýfir því í kaleikinn, signir sig og gengur til sætis en annar kemur í hans stað.

Undir útteilingu

Ég byrja reisu mín, H.P. íslenskt þjóðlag, úts. *Smári Ólason*

Bænin má aldrei breyta þig, H.P. íslenskt þjóðlag, úts. *Þorkell Sigurbjörnsson*

Bæn

Blessun

Söfnuður rís úr sætum

Prestur: Þökkum Drottni og vegsömum hann.

Allir: Drottni sé vegsemd og þakkargjörð.

Prestur: Drottinn blessi þig ... og gefi þér frið.

Allir: Amen, amen, amen.

Sálmur

Son Guðs ertu með sanni,

sonur Guðs, Jesú minn,

son Guðs, syndugum manni

sonar arf skenktir þinn,

son Guðs einn eingetinn.

Syni Guðs syngi glaður

sérhver lifandi maður

heiður í hvert eitt sinn.

Hallgrímur Pétursson (Ps. 25)

Eftirspil Tu es Petrus, *Henri Mulet*

Útvarpsmessa:

Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir prédikar og þjónar fyrir altari ásamt dr. Sigurði Árna Þórðarsyni.

Messuþjónar aðstoða. Tónlistarflutningur: Mótettukór Hallgrímskirkju. Stjórnandi: Hörður

Áskelsson. Orgel: Björn Steinar Sólbergsson. Umsjón með barnastarfi hafa Bogi

Benediktsson og Rósa Árnadóttir. Kaffisopi eftir messu.

Á döfinni:

Síðar í dag: Ensk messa kl. 14.

Mánudagur: Bænastund kl. 12:15.

Þriðjudagur: Fyrirbæni kl. 10:30.

Miðvikudagur: Morgunmessa kl. 8 og kl. 12: Sorg, ástin, lífið.

Fimmtudagur: Siðbótartesar lesnar kl. 11:30 & kyrrðarstund kl. 12. Súpa eftirá í Suðursal.

Laugardagur: Orgel Matinée kl. 12.

Sunnudagur: Messa og barnastarf kl. 11